



# SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Skólaárið 2016-17

GRUNNSKÓLINN Á ÞINGEYRI



**Gleði- virðing- ábyrgð- samheldni**



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Markmið.....	3
Tilgangur matsins .....	3
Starfsmarkmið skólans.....	4
Innra mat .....	6
Áætlun um sjálfsmat 2015-2021 .....	7
Aðferð og framkvæmd .....	7
Niðurstöður .....	8
Nemendakönnun.....	8
Virgni nemenda í skólanum.....	8
Líðan og heilsa.....	9
Skóla- og bekkjarandi.....	10
Starfsmannakönnun .....	11
Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans.....	11
Kennarar - Starfsumhverfi kennara.....	12
Niðurstöður skimana .....	13
Lesferill-lesfimi .....	14
Orðarún-Lesskilningur .....	14
Talnalykill.....	16
Áform um þróunar-og nýbreytnistarf .....	17
Umbótaáætlun og viðbrögð við niðurstöðum skólapúlsins .....	17
Lokaorð.....	21



## Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að vinna að markvissu sjálfsmati. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Allt skólaárið verður sjálfsmatið að vera virkt því þetta er langtímaavinna, með langtímamarkmið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjá grunnskólalögin nánar á eftirfarandi slóð:

<http://www.althingi.is/altext/135/s/1114.html>

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitarstjórna að fylgjast með mati og eftirliti með gæðum skólastarfs en skólanna að framkvæma mat, sbr. 5., 6. og 37.gr. og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu og áætlanir um umbætur.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólunum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað og byggt á áreiðanlegum upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.

Í þessari skýrslu eru upplýsingar um starfsemi Grunnskólans á Þingeyri skólaárið 2016-2017. Í skýrslunni má m.a. finna upplýsingar um áherslur í skólastarfinu, starfsmenn, nemendur, kennslustundir, viðburði og aðra þætti skólastarfsins.

Skýrslan er unnin af skólastjóra ásamt umsjónarkennurum, þeir mynda grunnskipulag kennslunnar. Umsjónarkennarar gefa gott yfirlit yfir starfið í hverjum námshópi fyrir sig. Val- og greinakennarar ásamt námsráðgjafa gefa einnig góðar upplýsingar varðandi þætti sem snúa að þeirra kennslu.



## Markmið

Í 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs.

Markmið þessarar skýrslu er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf í Grunnskólanum á Þingeyri, meta árangur og veita upplýsingar til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skólans, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár Grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Skólastjóri og starfsfólk skólans bera ábyrgð á gæðum starfsins innan skólans.

Markmið matsins er að stuðla að umbótum á skólastarfinu og efla skólaþróun.

## Tilgangur matsins

Markmið skýrslunnar er að varpa ljósi á hvernig Grunnskólanum á Þingeyri hefur gengið að fylgja ákvæðum laga um innra mat og hvernig til hefur tekist að ná markmiðum í starfsáætlun skólans.

Ígrundun er eitt aðalsmerki kennara sem vilja standa sig vel í starfi. Með ígrundun er kennari stöðugt að skoða sjálfan sig og vinnu sína með það að markmiði að bæta kennsluhætti sína og efla í leiðinni árangur nemenda sinna. Það er því samasemmerki milli þess að vera góður kennari og að ígrunda og meta starf sitt stöðugt. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæta skólastarfið og efla skólaþróun. Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Niðurstöður geta nýst við að bæta og efla starfið enn frekar ásamt því að aðstoða við skipulag og ef það þarf að setja ákveðin verkefni í forgang.



## Starfsmarkmið skólans

Grunnskólinn á Þingeyri hefur sett sér fimm markmið fyrir skólaárið 2016-2017. Þessi markmið stuðla að því að bæta enn frekar og byggja ofan á samskipti heimils og skóla, styðja við bættu líðan nemenda í skólanum með góðum skólabrag og betri bekkjaranda. Unnið verður að breyttum kennsluháttum í skólastarfi með spjaldtölvum á öllum skólastigum og lagður verður grunnur að læsis- og stærðfræðistefnu fyrir alla námshópa. Nemendur setja sér markmið og læra að bera ábyrgð á námi sínu og í leiðinni verða þeir meðvitaðir um þekkingu sína.

### 1. "Stillum saman strengi"

#### Stærðfræðistefna

- Það gerum við með því að marka okkur stefnu í stærðfræði og hvaða leiðum og úrbótum er best að vinna eftir til þess að ná árangri með nemendum í stærðfræði. Markviss skimun og skráningar á niðurstöðum er ein af leiðunum ásamt heimabjálfun. Einnig þurfum við að vera með markvissari innlagnir í reikniaðgerðum í kjarnatímum. Á öllum stigum verður stærðfræðikennsla í kjarna tímum skipulögð og markvissar innlagnir og leiðir notaðar til að kveikja áhuga nemenda. Einnig verða settar inn í skipulag allra hópa stærðfræði sprettir þar sem áhersla er lögð á þjálfun reikniaðgerða.

#### Læsisstefna

- Það gerum við með því að marka okkur stefnu í læsi og hvaða leiðum og úrbótum er best að vinna eftir til þess að ná árangri með nemendum í lestri og íslenskri tungu. Markviss skimun og skráningar á niðurstöðum er ein af leiðunum. Lestrarátök og mælingar. Leggja áherslu á lesskilning ásamt hraða.

- ### 2. Hreyfistundir –
- Stefnt er að því að skipulögð hreyfing og heilsuefning verði 5 daga vikunnar. Sund og íþróttir eru á þremur dögum í stað tveggja áður með það að markmiði að fjölga skipulögðum hreyfidögum í stundatöflu. Hina tvo dagana ætlum við að koma inn jóga og jafnvel dansi sem umsjónarkennarar hvers stig sjá um og tekur um 5-10 mín. hvorn daginn. Markmið með jóga er að kenna börnunum að sameina öndun og hreyfingar, minna þau á mikilvægi þess



að anda og finna hvernig andardrátturinn getur aukið vellíðan og hjálpað til við að beita líkamanum á réttan hátt og ná slökun. Þannig læra þau að sameina huga og líkama, læra að hlusta á líkamann og kyrra hugann.

3. Námsmatið – að breyta því samkvæmt Aðalnámskrá. Innleiðing er komin vel á veg þar sem notast er við hæfniviðmið og einkunn gefin í bókstöfum (engar tölur verða á bak við bókstafina). Kennsluáætlanir og námsmat er unnið í mentor. Mikilvægt að nemendur viti hvað er verið að meta.
4. Uppbyggingarstefnan - Hrista þarf upp í viðmiðum og gildum sem skólinn hefur tileinkað sér að vinna eftir. Starfsfólk og nemendur vinna með þarfir sínar og jákvæða uppbyggingu til að verða betri útgáfur af sjálfum sér. Starfsfólk sækir námskeið og stefnan verður kynnt fyrir foreldrum. Öll stig gera bekkjarsáttmála sem er hafður að leiðarljósi til að allir geti sinnt hlutverkum sínum. Við vinnum með jákvæð samskipti og lærum að taka tillit til þarfa hvers annars. Umsjónarkennarar allra námshópa vinna með Uppbyggingarstefnuna markvisst allan veturinn og halda bekkjarfundum. Vinna verður sýnileg sem minnir okkur á góð gildi og hjálpa okkur að láta okkur líða vel.

Aðrir þættir sem unnið verður markvisst að:

Að viðhalda jákvæðum skólabrag.

- Með því að fá nemendur til þess að tileinka sér ákveðin gildi eins og samskiptahæfni, umburðarlyndi og virðingu. Nemendur læri að umgangast hvert annað í sátt og samlyndi. Að allir sem koma að skólastarfi Grunnskólans á Þingeyri stuðli að jákvæðni með gangkvæmri virðingu gangvart öllum þeim sem koma að skólastarfinu. Mestu skiptir að nemendum líði vel í skólanum og þekki grunnþarfir sínar. Bekkjarsáttmálar og fundir, ásamt annarri vinnu í verkfærakistu Uppbyggingarstefnunnar notuð í samþættingu við aðrar námsgreinar ásamt lífsleikni.

Foreldrasamstarf / samvinna heimilis og skóla

- Með því að halda foreldrafund í nóvember. Fara yfir með foreldrum hvers er ætlast til af þeim í samstarfi heimils og skóla til þess að vinna að öflugum



skólastarfi. Vinna saman að lausnum ef upp koma atvik sem þarf að leysa með upplýsingagjöf milli heimils og skóla, símleiðis eða mentor.is. Gullið sem er dagbók nemenda getur verið samskiptabók kennara og foreldra. Í Gullið eru áform skráð, heimavinna og heimalestur og fleira sem tengist viðfangsefnum hverrar viku.

- Foreldraviðtöl, þar sem nemendur setja sér námsmarkið, persónuleg markmið og félagsleg markmið. Farið er yfir hvort markmiðum hefur verið náð og hvernig best er að vinna að þeim.
- Einnig verða miðlar nýttir til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra þannig að allir geti fylgst vel með starfinu innan skólans. Skólinn er kominn með facebooksíðu: Grunnskólinn á Þingeyri ásamt því að vera með heimasíðu [www.grthing.isafjordur.is](http://www.grthing.isafjordur.is)

#### Tengsl skóla og umhverfis

- Það gerum við meðal annars með því að eiga í góðu samstarfi við leikskólann Laufás með því að bjóða þeim og þiggja heimsóknir og aðra fræðslu (Brúum bilið). Með því að nýta umhverfi og nágrenni skólans til útikennslu sem og að heimsækja fyrirtæki og stofnanir.

#### Skólapúlsinn – sjálfsmat skólans

- Það gerum við með því að leggja kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Vinnum með niðurstöður og bætum það sem þarf að bæta og styrkjum það sem gott er.

#### Innra mat

Skólastjóri í samstarfi við kennara setur upp áætlun um innra mat til fimm ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Sjálfsmatsáætlun er síðan birt á heimasíðu skólans. Áætlun hvers árs er yfirfarin að hausti og kynnt á starfsmannafundi. Hlutverk skólastjóra er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.



## Áætlun um sjálfsmat 2015-2021

Hér fyrir neðan eru þeir þættir sem á að skoða til ársins 2021

Áhersuþættir Sjálfsmats	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Námsmat		X		X	
Innra mat	X		X		X
Ytra mat	X			X	
Nemendur – líðan	X		X	X	X
Skólanámskrá	X		X		X
Breyttir kennsluhættir – spjaldtölvur í skólastarfi		X		X	
Stjórnun, stefna og markmið		X			X
Nám og kennsla lestur og stærðfræði	X		X	X	
Aðbúnaður / Skólastofur		X		X	

## Aðferð og framkvæmd

Til að mæla árangur skólastarfsins og auðvelda sjálfsmat eru lagðar kannanir fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Notast er við þjónustu Skólapúlsins. Tvær rafrænar kannanir voru lagðar fyrir 6.-10. bekk, önnur í október og hin í apríl. Sömu spurningar voru lagðar fyrir í bæði skiptin. Könnunin mældi nám og líðan nemenda í skólanum. Þessar spurningar eru hannaðar af þeim sem reka Skólapúlsinn og kaupir skólinn þessa þjónustu en í henni felst að fyrirtækið útbýr spurningalista sem eru lagðir fyrir og þátttakendur svara í gegnum tölvu. Skólastjóri vinnur úr upplýsingum og nýtir þær við mat skólastarfsins með kennurum. Fyrirhugað er að foreldrar svari könnun Skólapúlsins annað hvert ár. Starfsfólk svarar könnun á hverju ári sem ætluð er að fá upplýsingar út frá þeirra upplifun og vinnu. Starfsfólk svaraði könnuninni í mars.

Niðurstöður voru skoðaðar og lesið út hvar nemendur standa miðað við aðra í landinu.





Ef mæling fyrir nýjasta mánaðarúrtak skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan landsmeðaltal miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins innan sviga í bláum stöfum (+/-X,XX). Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin landsmeðaltali er munurinn birtur. Upplýsingar um marktækan mun koma einnig fram í myndritum þannig að ef mánaðargildi er marktækt frábrugðið landsmeðaltali er það stjörnumerkt. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

## Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður Skólapúlsins. Niðurstöður gefa vísbendingar um það hvernig efla megi skólastarfið enn frekar ásamt því að gefa upplýsingar um hvort markmiðum starfsáætlunar hafi verið náð.

Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður einstakra þátta nemendakönnunar, því næst þætti úr niðurstöðum starfsmannakönnunar. Niðurstaða er staða skólans, landið er landsmeðaltal. Ef tala er græn er marktækur munur.

## Nemendakönnun

### Virgni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Ánægja af lestri	5,8	30	4,9	16.182	0,9
Þrautseigja í námi	5,6	30	5,1	15.930	0,5
Áhugi á stærðfræði	5,5	30	5,2	16.178	0,3
Ánægja af náttúrufræði	5,7	30	5,0	16.140	0,7
Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,6	30	5,1	15.915	0,5
Trú á eigin námsgetu	6,0	30	5,0	16.103	1,0

Mat og leiðir til úrbóta: Niðurstöður í takt við það sem stefnt var að. Mikil áhersla á lestur í takt við þróunarverkefnið „Stillum saman strengi“ ásamt mælingum og




metnaði að skila sér. Einnig mælist áhugi á stærðfræði yfir landsmeðaltali sem þarf að halda í og bera svo saman við niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum.

### Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Sjálfsálit	5,3	30	5,0	15.877	0,3
Stjórn á eigin lífi	5,3	30	4,9	15.886	0,4
Vellíðan	5,5	30	4,9	16.105	0,6
Áhyggjur og stress - ástæður	-	6	-	-	-
Einelti	4,6	30	5,2	16.113	-0,6
Tíðni eineltis	6,7%	2/30	11,6%	1839/16084	-4,9%
Staðir eineltis	-	2	-	-	-
Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	51,7%	15/29	41,7%	6281/15618	10,0%
Hollt mataræði	5,2	30	4,8	15.858	0,4

Mat og leiðir til úrbóta: Matsþættir koma ágætlega út og mælast um og rétt yfir landsmeðaltali í flestum þáttum. Því miður mælist einelti við skólann og miðað við niðurstöður eru það 2-3 nemendur sem verða fyrir einelti í frímínútum, íþróttum og eftir skóla. Leita verður leiða til að vinna gegn þessu og skýra hugtakið einelti betur ásamt því að kynna eineltisáætlun skólans fyrir nemendum og foreldrum. Einnig er mikilvægt að áætlun og skólareglur séu sýnilegar og unnið markvissara að því að tengja áætlun og reglur við uppbyggingarstefnu skólans. Vinnan verður að vera regluleg og skipulagðari yfir veturinn og tengjast bekkjarsáttmála og bekkjarfundum á hverju stigi fyrir sig. Ábyrgð bera skólastjóri og umsjónarkennarar. Gott að enn fleirum líður vel í skólanum en það skiptir mestu máli í skólastarfi til að nám geti átt sér stað.



Mynd 1)

Sýnir velliðan miðað við landið. Niðurstöður sýna að við erum á góðri leið og höfum náð að einhverju leyti markmiðum okkar um líðan í skólanum. Líðan er hægt að bæta með t.d. núvitund eða sjálfsþekkingu.

### Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Samsömun við nemendahópinn	5,5	30	5,1	15.832	0,4
Samband nemenda við kennara	5,3	29	5,1	16.074	0,2
Agi í tímum	6,2	30	5,1	16.079	1,1
Virk þátttaka nemenda í tímum	6,4	30	5,2	16.066	1,2
Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,9	27	4,8	14.952	1,1

Mat og leiðir til úrbóta: Niðurstöður mjög góðar eins og sjá má í töflu. Mikilvægt að samband nemenda og kennara sé gott. Nemendur finna að það sé agi í tímum og taka virkan þátt. Þessir þættir eru mikilvægir og segja margt um skólafarfið og braginn. Mikilvægt er að samtali eigi sér stað ef eitthvað kemur upp og því sé fylgt eftir.

## Starfsmannakönnun

Starfsfólk tók þátt í starfsmannakönnun Skólalúpsins í annað skiptið og gekk það mjög vel ásamt því að gefa góðar upplýsingar um starf sitt. Þeir þættir sem spurt var um voru almennar rekstrarupplýsingar, almennar spurningar um starf skólans og viðhorfs til skólans. Kennarar svöruðu spurningum um kennarastarfið, starfsumhverfi, mat og endurgjöf og símenntun. Heilt á litið komu þessir þættir mjög vel út. Fámennur skóli og nálægð kennara við hvern annan eflir samkennd þeirra og samvinnu þó að það geti stundum verið erfiðara. Mikilvægt að vera hreinskilin og taka tillit hvert til annars í samskiptum. Andrúmsloftið á vinnustaðnum er gott, góður andi. Starfsfólkið hefur metnað fyrir að því að gera skólann enn betri og vinna faglega að markmiðum skólans. Það er krefjandi að kenna fáum nemendum í aldursblönduðum hópum en mjög skemmtilegt.

### Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Starfsánægja í skólanum	5,5	8	5,2	1.630	0,3
Starfsandi innan skólans	6,7	8	5,2	1.619	1,5
Stjórnun skólans	7,1	8	4,9	1.607	2,2
Upplýsingastreymi innan skólans	6,4	8	4,9	1.629	1,5
Starfsumhverfi í skólanum	6,3	8	4,8	1.611	1,5

Mat og leiðir til úrbóta: Viðhorf til skólans og stjórnunar hans að mati starfsmanna er mjög gott. Ýmsa þætti má þó laga varðandi vinnuaðstæður og starfsmenn hvattir til að halda áfram að gefa umhverfi sínu gaum og ræða á kennarafundum eða einslega við skólastjóra.

## Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,3	5	4,7	909	0,6
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,7	5	4,8	887	0,9
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	8,0	6	4,9	947	3,1
Samráð um kennslu	4,4	6	5,1	893	-0,7
Samvinna um kennslu	5,4	6	5,1	909	0,3
Valddreifing við ákvarðanatöku	6,9	6	4,9	900	2,0
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,7	6	4,9	943	0,8
Vinnuaðstæður kennara	5,5	6	5,0	964	0,5

Mat og leiðir til úrbóta: Starfsumhverfis þáttur könnunar kemur mjög vel út.

Skipuleggja þarf kennslu kennara þannig að þeir fái tíma til samstarfs. Einnig þarf í tengslum við Uppbyggingarstefnuna að setja skýr mörk og vinnureglur varðandi einstaka nemendur varðandi hegðunar frávík. Fámennið kemur í veg fyrir að við getum unnið í takt við hugmyndir okkar um teymiskennslu og einstaklingsmiðun. Kennarar geta þó unnið meira á milli stiga til að efla teymiskennslu.

Aðra matsþætti er ekki hægt að birta sökum þess hve fáir svara könnuninni. Sumir þættir eru ekki marktækir vegna þess hve fáir svara.

Kennarar og starfsfólk eru almennt ánægðir í vinnu og með aðstöðu skólans.

Opin svör lýsa best mannauð skólans og fagmennsku. Starfsfólk er beðið að lýsa því hvað því þyki gott við skólann. Svörin eru birt hér fyrir neðan.

- -Leiksvæði úti, - góðir kennarar, - frábær og jákvæður skólastjóri,
- Allt er dásamlegt.
- Lítill skóli og notalegt andrúmsloft. Samstaða og samvinna starfsmanna, þar sem allir leggja sitt af mörkum til framfara.
- Metnað og fagmennsku hjá öllum starfsmönnum
- Samheldni og gott aðgengi að samkennurum þegar þarf
- Skemmtileg samvinna alla daga, með öðru starfsfólki og ekki síst skemmtilegum krökkum.
- Vinalegur, smár góður andi.



Starfsfólk var beðið að lýsa því hvað því þótti slæmt við skólann. Svörin eru birt hér fyrir neðan.

- Laga þarf þak, það lekur. - Laga körfuboltakörfu
- Foreldrar með sinn mannauð og þekkingu mættu koma enn frekar að vinnunni innan skólans til að byggja upp samvinnu við heimilin og sterkari tengsl. Í nærsamfélaginu eru ýmsir möguleikar sem gætu líka nýst enn frekar.
- Kennara langar alltaf að finna töfralausnina við að vekja áhuga nemenda og það er bara eilífðarverkefni í hvaða skóla sem er.
- Samþætting milli námsgreina mætti vera meiri
- Vantar fleiri nemendur.
- Vantar náttúrufræði/eðlisfræðiaðstöðu. Vantar ný klósett.
- Við þyrftum að skipuleggja betur samstarf og samvinnu kennara

Þessa þætti er gott að hafa til hliðsjónar við starfsáætlun næsta ár.

Kennarar eru hvattir til að senda til foreldra jákvæðar upplýsingar um vinnu nemenda og hegðun. Eitt hrós á dag kemur skapinu í lag. Þetta á við alla kennara ekki bara umsjónarkennara.


Endurmenntun kennara hefur í vetur að mestu leyti falist í innleiðingu spjaldtölva í skólastarf í og forritunarkennslu. Einnig hafa kennarar sótt hin ýmsu námskeið, bæði að eigin frumkvæði og skólans, m.a. sótt námskeið í PALS og hafa verið skráðir í ýmis námskeið tengdum upplýsingatækni í gegnum internetið. Fyrirhugað er að vinna markvissara að henni næsta vetur í samvinnu við Grunnskólann á Ísafirði. Verður búin til nokkurs konar námskrá þar sem verkefnum og viðfangsefnum eru dreift niður á aldurshópa.

### Niðurstöður skimana

Í tengslum við „stillum saman strengi“ nýtum við á skipulagðan hátt ásamt öðrum skólum í Ísafjarðarbæ skimanir sem mæla námsárangur í lestri og stærðfræði. Helstu niðurstöður í lesferli, Orðarún og talnalykli verða birtar hér fyrir neðan. Niðurstöður úr Logos styðja kennara við að koma til móts við þarfir hvers og eins í náminu en ekki verður fjallað um þær niðurstöður sérstaklega í þessari skýrslu. Þá nemendur sem ekki koma vel út í Logos er hægt að tengja við hlutfall þeirra sem ná ekki viðmiðum í lesferli og orðarún.

## Lesferill-lesfimi

### Viðmið í lesfimi 2016-17 Grunnskólinn Þingeyri



Þriðjungur nemenda við skólann ná almennum,- og metnaðarfullum viðmiðum. Annar þriðjungur nær lágmarks viðmiðum. Markmiðið er að minnka þessa bláu sneið en hún sýnir að 33% eða þriðjungur nemenda við skólann ná ekki viðmiðum um læsi.

Borðum þessa bláu sneið,  
Bítum í rauðu og gulu.  
Lesturinn er á réttri leið.  
Læs í allir uppskera skulu.

Borgný Gunnarsdóttir, „Læsisráðgjafi“ G.Þ. 2017

## Orðarún-Lesskilningur


Orðarún er staðlað próf fyrir nemendur í 3. –8. bekk grunnskóla. Prófin eru alls 12, tvö fyrir hvern árgang, fyrra prófið er lagt fyrir í janúar og síðara prófið í lok vorannar eða í maí. Orðarún kannar hversu vel nemendur skilja meginefni textans og átta sig á staðreyndum. Prófið kannar einnig hversu vel nemendur geta lesið á milli línanna og þannig dregið ályktanir um þætti sem standa ekki beinlínis í textanum. Að auki gera nemendur grein fyrir þekkingu sinni á erfiðum orðum og orðasamböndum. Spurningar í Orðarún reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- Að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar.
- Að draga ályktanir af því sem ekki er sagt með berum orðum í texta.



- Að átta sig á meginefni texta.
- Að útskýra orð og orðasambönd.

Niðurstöður prófsins segja fyrst og fremst til um hvernig hefur tekist til í námi og kennslu og er prófið því leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemandann í námi. Niðurstöðunum er skipt upp í fjóra flokka líkt og niðurstöðum lesferils, nær ekki viðmiðum, lágmarksviðmið, almenn viðmið og metnaðarfull viðmið. Staða þeirra nemenda sem lentu í flokknum mjög slakt verður skoðuð sérstaklega og fylgst með framvindu þeirra nemenda áfram. Einnig er spurning hvort það eigi að birta niðurstöður Orðarúnar á vitnisburðarblaði á næsta skólaári.




18 nemendur í 3.-8. bekk tóku próf 1 í janúar

16 nemendur í 3.-8. bekk tóku próf 2 í maí

Niðurstöður sýna að um 60% nemenda eru á góðum stað og ná almennum og metnaðarfullum viðmiðum. Um 20% nemenda þurfa sérstaka þjálfun og stuðning næsta skólaár í lesskilningi. Skoða þarf þætti hjá 20% nemenda sem ná lágmarks viðmiðum til að sjá hvaða þætti þarf að leggja áherslu á í þjálfun og kennslu. Ef skoðað er árið á undan má sjá að þeim sem eru ekki að ná viðmiðum hefur fjölgað um helming. Einstaklingar á miðstigi eru að lækka.






Niðurstöður frá fyrra ári, 12 nemendur tóku próf 1 og 2

Niðurstöður fyrra árs sýna að 67% nemenda náðu góðum árangri í lesskilningi. 8% ná ekki viðmiðum, 25 % þurftu frekari þjálfun.

#### Talnalykill

Niðurstöður úr stærðfræðiskimuninni *Talnalykli* lágu fyrir í haust. Á þessu skólaári voru 8 nemendur sem tóku könnunina í 3. og 6. bekk. Markmið skimunarinnar er að finna þá nemendur sem líklegir eru til að lenda í vanda í stærðfræðinámi svo hægt sé bregðast við með einstaklingsáætlun eða sérstökum stuðningi.



Niðurstöður sýna að það eru helmingur nemenda sem þarf sérstakan stuðning í stærðfræði. Grænir eru á góðum stað, gulir þurfa meiri þjálfun og appelsínu gulir mikla. Niðurstöður voru sendar til foreldra og ræddar í foreldraviðtölum með hverjum og einum.

### Áform um þróunar-og nýbreytnistarf

Skólar Ísafjarðarbæjar munu vinna saman að kennsluskrá í forritun. Vinna að breyttu námsmati er komið á loka stig. Breytingar í Mentor eiga eftir að auðvelda alla vinnu en kennarar þurfa tíma til að læra á að skipuleggja kennslu í lotum og tengja við viðfangsefni hæfni. Áhugi er á að nýta kost í Mentor um frammistöðumat. Einnig er stefnt að því að búa til tíma í stundatöflu fyrir frístund alla vega 2 sinnum í viku. Nemendum gefst þá tækifæri til að sinna tómstundum og með því er líka kominn skipulagður tími fyrir kennara til samráðs. Haldið verður áfram að dreifa íþróttum á 3 daga í stað 2 og koma inn í stundatöflu hreyfistundum t.d. jóga og dansi, þannig að markviss hreyfing sé stunduð á hverjum degi í skólanum. Vonast er eftir áframhaldandi samvinnu grunnskólanna á Flateyri og Suðureyri og hafa starfsdagar verið teknir frá í þessa vinnu á næsta skólaári. Einnig hefur samvinna við Grunnskólann á Ísafirði stóraukist og vonast er eftir að sú vinna aukist enn frekar.



*„Saman getum við gert meira“*

### Umbótaáætlun og viðbrögð við niðurstöðum Skólapúlsins

Umbótaáætlun er viðbrögð skólans við niðurstöðum sjálfsmats/innra mats. Niðurstöðurnar eru notaðar til að setja markmið að umbótum og er endurskoðuð og unnin af starfsfólki skólans og stýrð af skólastjóra. Umbótaáætlunin er endurskoðuð a.m.k. tvisvar á ári í ljósi sjálfsmats skólans og þess hvernig úrbætur hafa náð fram að ganga. Umbótaáætlun er einnig kynnt á foreldrafundi á haustin ásamt því að vera kynnt og yfirfarin af skólaráði. Skólinn er á þokkalegu skriði sem þarf að nýta til að



byggja upp árangur í námi. Einnig þarf að huga vel að betri líðan m.a. með því að efla lífsleikni, sjálfsþekkingu, slökun/jóga og hugleiðslu.

Í öllum þáttum skólalánsins um virkni nemenda eru allir þættir að koma vel út og yfir landsmeðaltali. Sérstaklega gaman er að sjá hvað trú á eigin námsgetu hefur hækkað. Þegar kemur að líðan og heilsu eru nemendur í GP nokkuð ánægðir með sig. Eitthvað einelti er þó til staðar þó tíðni eineltis sé mjög lág og vill skólafólk meina að um samskiptavanda sé að ræða en ekki alvarlegt einelti. Skólar- og bekkjarandi er góður og gaman að sjá framfarir þar sérstaklega í virkni nemenda í tímum. Í opnum svörum kemur fram að andinn í skólanum er góður, nemendur eru ánægðir með kennarana, spjaldtölvurnar og ávaxtabitana. Einhverjir eru ósáttir við matinn og að einhverjir krakkar kunni ekki alveg að haga sér eins og á að gera í skóla. Þá eru einhverjir ósáttir við ákveðinn kennara. Ekki náðist að gera foreldrakönnun í GP þetta árið og markið sett að það verði gert annað hvert ár.

Áætlunina má sjá í heild sinni á næstu síðu.



Verkefni:	Markmið:	Farvegur/leiðir:	Mat:
Efla trú nemenda á eigin námi	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mæla árangur í námi</li> <li>Hvetja til lesturs</li> <li>Hvetja til þjálfunar í stærðfræði Heimadæmi?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Halda áfram að gera árangur sýnilegan ekki bara í lestri</li> <li>Hvetja til þjálfunar 15 mín. á dag =gæðastundir</li> </ul>	Mælingar settar upp í myndrit. Skólapúlsinn
Leggja þarf áherslu á uppbyggingar starf í námshópum sem forvörn gegn einelti.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að allir hafi sama skilning á hugtakinu einelti og efli samkennd.</li> <li>Útrýma einelti og að hver og einn fái frið til að vera hann sjálfur.</li> <li>Að allir standi með sér.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvetja nemendur og kennara að láta vita ef grunur er á einelti.</li> <li>Baráttudagur gegn einelti notaður til fræðslu og umræðu.</li> <li>Bekkjarfundir</li> <li>Skólareglur</li> <li>Efla samkennd</li> <li>Efla eftirfylgni</li> </ul>	Niðurstöður skólapúlsins Samtal
Vinna að eflingu sjálfsþekkingar og sjálfsálits (lífsleikni)	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að nemendur geti tjáð sig um eigin tilfinningar</li> <li>Að nemendur byggji sig upp í stað þess að brjóta sig niður</li> <li>Slökun</li> <li>Lífsleikni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styrkja nemendur í jákvæðri sálarfræði</li> <li>Koma í veg fyrir kvíða og þunglyndi</li> <li>Að nemendur finni leiðir sem þeir geta leitað í þegar þeir eru leiðir</li> <li>Markvisst í lífsleikni og ritun</li> <li>Fá góða gesti til að ræða við nemendur ásamt skólahjúkrunarfr. námsráðgjafa</li> </ul>	Skólapúlsinn
Væntingar foreldra til náms barna sinna.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að gera foreldra meðvitaða um mikilvægi þess að hafa væntingar til barna sinna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera foreldrum grein fyrir þessum þætti og mikilvægi hans og tengja við námsárangur á foreldrafundi í haust.</li> </ul>	Skólapúlsinn



	<ul style="list-style-type: none"><li>• Gera foreldrum grein fyrir mun á væntingum til stráka vs. stelpna.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Ræða við foreldra um muninn á væntingum til stráka vs. stelpna tengt námsárangri.</li></ul>	
Aðstaða til náms Vinnuaðstaða kennara og nemenda	<ul style="list-style-type: none"><li>• „Krútt“ skólaumhverfið sem hvetur til góðrar umgengni, vinnusemi og gleði</li><li>• Viðhald/mála innandyra</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fjárfesta í hnakkastólum fyrir kennara</li><li>• Leskrókur á mið stigi</li><li>• Endurnýja húsgögn á bókasafni</li></ul>	Skólastjóri og starfsfólk
Vinna markvissara með niðurstöður mælinga í samvinnu við foreldra og nemendur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að nýta niðurstöður markvissara til að setja námsmarkmið</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Móta ferli hvernig unnið er með niðurstöður samræmdra prófa, niðurstöður talnalykils</li><li>• „Stillum saman strengi“ skjal fyrir hvern og einn nemanda sem sýnir árangur í lestri, stærðfr. og samræmdum könnunum</li></ul>	Skólastjóri Kennarar Foreldrar

## Lokaorð

Áherslur vetrarins voru með svipuðu sniði í vetur og sl. vetur. Þar sem einstaklingsmiðun og ábyrgð hvers nemanda var höfð að leiðarljósi ásamt því að nemendur lærðu að þekkja þarfir sínar og sýna öðrum tillitsemi og virðingu. Verkefnið „Stillum saman strengi“ var eitt af mikilvægu verkefnum vetrarins hjá öllum ásamt öðrum grunnskólum Ísafjarðarbæjar þar sem stefnt er að því að efla getu í lestri og stærðfræði. *Eitt helsta markmið verkefnisins er að bæta námsárangur barna í Ísafjarðarbæ fyrir börnin, sjálfsmynd þeirra og framtíð.* Grunnur hefur verið lagður að stærðfræðistefnu. Næsta vetur þarf að vinna harðar að skipulagningu náms og kennslu með markvissum þjálfunum, stærðfræðiátökum og innlögnum í kjarna ásamt sérkennslu fyrir þá sem það þurfa.

Mikilvægt er að nýta niðurstöður matsins til þess að halda í þá jákvæðu þætti sem Grunnskólinn á Þingeyri býr svo sannarlega yfir. Lífið getur verið snúið oft á tíðum og þá er um að gera að leita lausna og vera jákvæður. Það er eðlilegt að við lendum í vandræðum í samskiptum þar sem við eyðum um 6-8 klst. á hverjum degi saman fimm daga vikunnar. Og til að öllum líði vel í skólanum þurfa samskiptin að vera jákvæð og uppbyggileg í stað þess að þau brjóti niður. Síðasta vetur var lögð mikil áherslu á að öllum ætti að líða vel í skólanum, og að það væri forsenda þess að nám gæti átt sér stað. Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir síðasta ár má sjá að flestum leið vel og flestir voru ánægðir með skólann. Það var örfáum sem leið ekki nógu vel, og vil ég hvetja fólk til að tala við okkur í skólanum ef grunur er á að eitthvað sé í gangi því við lítum einelti mjög alvarlegum augum. Við getum ekki unnið að því að útrýma því nema hafa vitneskju um það. - Við erum öll í sama liðinu.- Samkennd, sem er einn hornsteina skólans verður ekki að veruleika nema við vinnum sem eitt lið. Nemendur, kennarar og foreldrar eru í þessu liði. Saman erum við sterkari.

Erna Höskuldsdóttir

Skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri

30.6.2017